

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
Sent á netfangið: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 6. júní 2022

Umsögn Frjálsa lífeyrissjóðsins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.), 690 mál.

Með frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (hér eftir vísað til sem „frumvarpið“) eru gerðar stærstu breytingar á réttindaákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða frá árinu 1997.

Tildrög þessa frumvarps er að í ágúst 2019 birtu stjórnvöld í samráðsgáttinni áform um lagabreytingar vegna stuðnings stjórnvalda við lífskjarasamninga, mál nr. 178/2019. Sama ár voru birt í samráðsgáttinni drög að samkynja frumvarpi nr. 291/2019. Vorið 2021 var svo lagt fyrir þingið frumvarp, 700. mál, sem fékk umræðu í efnahgs- og viðskiptanefnd en var vísað aftur til ríkisstjórnarinnar. Í mars 2022 voru lögð fram drög að frumvarpi í samráðsgátt og í maí 2022 er lagt fram það frumvarp sem hér er til umsagnar.

Helstu breytingarnar á frumvarpinu miðað við núverandi lög eru eftirfarandi:

- lágmarksiðgjald hækkar úr 12% í 15,5%
- lögfesta á heimild fyrir lífeyrissjóði að bjóða sjóðfélögum upp á að greiða allt að 3,5 prósentustig af 15,5% lágmarksiðgjaldi í tilgreinda séreign og heimila notkun hennar til skattfrjálsrar úttektar séreignarsparnaðar skv. l. nr. 111/2016 um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð (hér eftir kallað *fyrsta fasteign*)
- árleg réttindaávinnsla, sem lágmarkstryggingavernd veitir skv. l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, hækkar úr 1,4% á ári í 1,8% nema sjóðfélagar velji að nýta sér heimild til að greiða í tilgreinda séreign eða viðbótartryggingavernd (frjálsa séreign).
- útgreiðsla séreignar sem greiðist af 15,5% lágmarksiðgjaldi mun framvegis teljast til tekna við útreikning á lífeyri sem veittur er á grundvelli laga nr. 100/2007 um almannatryggingar. Auk þess mun viðbótarlífeyrissparnaður teljast til tekna nema sá hluti sem nemur allt að 4% iðgjaldi sjóðfélaga og 2% mótframlagi launagreiðanda.
- tilgreind séreign telst hluti lágmarkstryggingaverndar en um hana gilda strangari fjárfestingarheimildir en um frjálsa séreign og viðbótarlífeyrissparnað.

Jákvæð breyting á frumvarpinu

Með frumvarpinu er gerð sú breyting á frumvarpinu frá fyrri stigum þess að í stað þess að sjóðfélagar hafi heimild til að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi í tilgreinda séreign þá hafa lífeyrissjóðir val um hvort þeir bjóði sjóðfélögum upp á tilgreinda séreign. Þetta er jákvæð breyting og í samræmi við tillögu Frjálsa lífeyrissjóðsins í fyrri umsögnum sjóðsins. Lífeyrissjóðir sem ráðstafa 3,5% iðgjaldi í frjálsa séreign geta því

gert það áfram en ráðstöfun iðgjaldsins í frjálsa séreign býður upp á meiri sveigjanleika fyrir sjóðfélaga við útgreiðslur heldur en ráðstöfun iðgjaldsins í tilgreinda séreign.

Auk þess er gerð sú breyting að lífeyrissjóðum er heimilt að miða lágmarkstryggingavernd við 1,4% á ári í stað 1,8% ef sjóðfélagar greiða 3,5% í frjálsa séreign eða tilgreinda séreign. Samkvæmt frumvarpinu á fyrri stigum var heimildin eingöngu bundin við að iðgjaldið væri greitt í tilgreinda séreign.

Þessar breytingar frá fyrra frumvarpi fela í sér að ekki verður rökun á uppbyggingu lífeyrissparnaðar sem frjálsir lífeyrissjóðir hafa boðið sínum sjóðfélögum upp á. Síðarnefnda breytingin kann þó að vera skammgóður vermir. Í greinagerð með frumvarpinu kemur fram um breytinguna að áætlað sé að þetta atriði verði tekið til nánari skoðunar í fyrirhugaðri heildarendurskoðun laganna. Frjálsi lífeyrissjóðurinn gerir alvarlegar athugasemdir við að ákvæðið sé hugsað sem tímabundið enda hafa engin gild rök komið fram sem réttlætir þá mismunun gagnvart sjóðfélögum að lágmarkstryggingavernd sjóðfélaga sem greiða 3,5% iðgjaldið í frjálsa séreign skuli vera 1,8% á meðan lágmarkstryggingarvernd sjóðfélaga sem greiða 3,5% iðgjaldið í tilgreinda séreign megi vera 1,4%.

Með vísan í það sem nánar er rakið í eftirfarandi umsögn, leggur Frjálsi lífeyrissjóðurinn til eftirfarandi breytingar:

1. Umfjöllun um frumvarpið verði frestað og efni þess tekið fyrir í fyrirhugaðri vinnu stjórnvalda við grænbók um lífeyriskerfið og eftir atvikum þeim tillögum að lagabreytingum sem sú vinna mun leiða af sér
2. Hækkun iðgjalds úr 12% í 15,5% verði gerð í áföngum á þremur árum
3. Sjóðfélögum verði heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi í fyrstu fasteign hvort sem iðgjaldinu er ráðstafað í tilgreinda séreign eða frjálsa séreign
4. Útgreiðslur frjálsrar séreignar, hjá sjóðfélögum sem við gildistöku laganna er í vörslu séreignarsjóða, teljist ekki til tekna við útreikning á lífeyri almannatrygginga
5. Launagreiðandi greiði 3,5% iðgjaldið beint til valins vörsluaðila
6. Útgreiðslur alls viðbótarlífeyrissparnaðar umfram 15,5% lágmarksíðgjald teljist ekki til tekna við úreikning á lífeyri almannatrygginga en ekki eingöngu útgreiðslur á viðbótarlífeyrissparnaði sem nemur 4% framlagi sjóðfélaga og 2% mótframlagi launagreiðanda
7. Við flutning tilgreindrar séreignar til annars vörsluaðila er óþarfa ákvæði þess efnis að sömu útborgunarreglur gildi hjá vörsluaðilum og gilda myndu í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta iðgjaldsins til því útborgunarreglurnar eru skilgreindar í frumvarpinu (62-67 ára)
8. Heimilt verði að dreifa útgreiðslum á tilgreindri séreign fram yfir 67 ára aldur
9. Fallið verði frá hækkun á lágmarkstryggingavernd úr 1,4% í 1,8% réttindaávinnslu á ári
10. Víðtækari fjárfestingarheimildir gildi um tilgreinda séreign

1. Lögfestingu frumvarpsins verði frestað og efni þess tekið fyrir í fyrirhugaðri vinnu stjórnvalda við grænbók um lífeyriskerfið og eftir atvikum þeim tillögum að lagabreytingum sem sú vinna mun leiða af sér

Stjórnvöld hafa boðað að hefja stefnumörkun í lífeyrismálum í nánú samstarfi við heildarsamtök á vinnumarkaði og Landssamtök lífeyrissjóða. Stefnt var að því að afrakstur þess samstarfs yrði grænbók um lífeyrismál sem kynna átti vorið 2021 en þessi vinna hefur tafist.

Eftirfarandi er lýsing á eðli og efni grænbókar í leiðbeiningarriti nokkurra ráðuneyta frá árinu 2017:



- „Stöðumat og valkostir er viðfangsefni grænbókar. Grænbók er umræðuskjal sem lagt er fram í opnu samráði á netinu. Grænbókinni er ætlað að hvetja til umræðu um núverandi stöðu, viðfangsefni, og framtíðarsýn málefnasviðsins ásamt áherslum og ólíkum leiðum.
- Við gerð grænbókar er framkvæmdaaðilum, samstarfsaðilum, og hagsmunaaðilum boðið að taka þátt og leggja fram sjónarmið um mögulegar áherslur, mögulegar lausnir eða leiðir að árangri.
- Í grænbók eru upplýsingar um viðfangsefni málaflokksins, stöðu og tölfræði, samanburð við önnur lönd og umfjöllun um ólíkar leiðir eða áherslur til að mæta þeim áskorunum sem við blasa.
- Grænbók er hluti af stefnumótunarferli stjórnvalda.“

Það er umhugsunarvert að ráðast eigi í svo umfangsmiklar breytingar á réttindakafla laga um lífeyrissjóði skv. frumvarpinu áður en ráðist er í gerð grænbókar. Það blasir við að rétt væri að taka breytingarnar sem frumvarpið felur í sér inn í þá vinnu, sem felur í sér innbyggt og virkt samráð.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur því til að frumvarpinu verði frestað og efni þess tekið með inn í grænbókarvinnu, þar sem boðið hefur verið víðtækt samráð og þar sem vanda má vinnubrögð áður en ráðist er í svo umfangsmiklar breytingar á lífeyriskerfinu. Sé ekki vilji fyrir því að fresta lögfestingu frumvarpsins leggur Frjálsi lífeyrissjóðurinn til breytingar á frumvarpinu sem nú verður gert grein fyrir:

2. Hækkun lágmarksiðgjalds úr 12% í 15,5% verði gerð í áföngum á þremur árum

Hækkun lágmarksiðgjalds úr 12% í 15,5% felur í sér 29% hækkun á iðgjaldinu. Ljóst er að fyrir fjölda einyrkja og fyrirtækja getur hækkunin verið þungur baggi fyrir rekstur þessara aðila. Þegar lágmarksiðgjald var hækkað úr 10% í 12% (mótframlag hækkað úr 6% í 8%) var það gert í tveimur áföngum, 1. janúar 2006 og 1. janúar 2007. Þegar mótframlag var hækkað á almennum vinnumarkaði úr 12% í 15,5% var það gert í áföngum á þremur árum. Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur til að sama fyrirkomulag verði viðhaft nú, þ.e. að lágmarksiðgjaldið verði hækkað í áföngum á þremur árum til að milda áhrifin á rekstur einyrkja og fyrirtækja; 1. janúar 2023 hækki iðgjaldið í 12,5%, 1. janúar 2024 hækkið iðgjaldið í 14,0% og 1. janúar 2025 hækki iðgjaldið í 15,5%.

3. Sjóðfélögum verði heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi í fyrstu fasteign hvort sem iðgjaldinu er ráðstafa í tilgreinda séreign eða frjálsa séreign.

Samkvæmt frumvarpinu geta sjóðfélagar sem ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi í tilgreinda séreign nýtt iðgjaldið í fyrstu fasteign upp að 500 þús. kr. fjárhæðarmarki en fyrstu skulu þeir nýta allt að 6% viðbótarlífeyrissparnað í úrræðið. Þannig nýtist úrræðið fyrst og fremst tekjulægri sjóðfélögum sem ekki ná fjárhæðarmarkinu með viðbótarlífeyrissparnaði eingöngu. Tekjulágir sjóðfélagar hjá lífeyrissjóðum sem ráðstafa iðgjaldinu í frjálsa séreign, og hafa ekki val um tilgreinda séreign, geta því ekki nýtt sér þetta úrræði. Sem dæmi má nefna að sjóðfélagar í V deild Brúar greiða 12% iðgjald til V deildar en greiða 3,5% iðgjald í frjálsa séreign hjá vörsluaðila að eigin vali, auk þess sem fjöldi einyrkja er með óreglulegar og lágar tekjur og greiða 3,5% iðgjaldið í frjálsa séreign hjá nokkrum lífeyrissjóðum.

Sú staðreynd að úrræðið um fyrstu fasteign gildi eingöngu fyrir sjóðfélaga sem greiða í tilgreinda séreign felur í sér mikið ójafnrétti og mismunun á meðal sjóðfélaga mismunandi lífeyrissjóða og engin rök hafa komið fram sem réttlætir slíkt. Tæknilega er ekkert sem kemur í veg fyrir að sjóðfélögum verði heimilt að nýta í fyrstu fasteign 3,5% iðgjald í frjálsa séreign því eini munurinn á tilgreindu séreigninni og frjálsa

séreigninni eru mismunandi útborgunarreglur. Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur því til að úrræðið um fyrstu fasteign nái einnig yfir sjóðfélaga sem greiða 3,5% iðgjald í frjálsa séreign.

4. Útgreiðslur frjálsrar séreignar, sem við gildistöku laganna er í vörslu séreignarsjóða, teljist ekki til tekna við útreikning á lífeyri almannatrygginga

Samkvæmt frumvarpinu á frjáls séreign að teljast til tekna við útreiknings á lífeyri almannatrygginga en ekki viðbótarlífeyrissparnaður sem nemur 4% framlagi sjóðfélaga og 2% framlagi launagreiðanda. Tilgangurinn er sá að jafna skerðingarhrif vegna lífeyris almannatrygginga á milli lífeyrissjóða.

Þar sem frjálsri séreign og viðbótarlífeyrissparnaði hefur verið blandað saman hjá lífeyrissjóðum og vörsluaðilum til þessa, þ.e. í fortíðinni og fram að fyrirhugaðri lögfestingu frumvarpsins, er ekki unnt að gera greinarmun á þessum sparnaði. Lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar fóru í þessu alfarið að lögum og aðgreindu ekki þessar tvær tegundir séreignar í réttindakerfum sínum.

Þetta hefur leitt til þess að frjáls séreign hefur blandast viðbótarlífeyrissparnaði, m.a. við löghelgaða heimild sjóðfélaga til að flytja séreign á milli vörsluaðila, sem og vegna iðgjaldaskila launagreiðenda en ekki hafa verið kröfur á launagreiðendur að aðgreina iðgjöld í mismunandi tegundir séreignar á skilgreinum til lífeyrissjóða og vörsluaðila.

Í framkvæmd er óhjákvæmilegt annað en að þetta muni leiða til ójafnræðis og misréttis á milli sjóðfélaga. Útgreiðslur viðbótarlífeyrissparnaðar munu í fjölda tilvika, þar sem sparnaður er mögulega ranglega skilgreindur sem frjáls séreign í réttindakerfum vörsluaðila, leiða til **ólöglegar skerðingar** á lífeyri almannatrygginga. Þetta er þvert á það sem að er stefnt með frumvarpinu og vekur ennfremur upp spurningar um afturvirkni þeirra ráðstafana sem frumvarpið leggur til. Því er mikilvægt að frjáls séreign af lágmarksiðgjaldi sem eingöngu er greidd eftir gildistöku laganna teljist til tekna við útreikning á lífeyri almannatrygginga til framtíðar enda einungis þá hægt að gera kröfu um að iðgjöld utan um slíka séreign verði aðgreind í kerfum lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Eldri frjáls séreign teljist aftur á móti ekki til tekna við útreikninginn. Er hér tekið undir sömu athugasemdir og Seðlabankinn birti í umsögn sinni við drög um frumvarpið fyrir á árinu.

Ekki verður frekari orðum varið í umfjöllun um hugsanlega ábyrgð ríkisvaldsins, verði ekki búið þannig um hnútana að staðinn sé vörður um lögbundin réttindi lífeyrisþega skv. lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar. Á þetta ójafnrétti og misrétti hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn komið á framfæri á fundum með stjórnvöldum og í umsögnum um fyrri frumvarpsdrög og frumvarpið um sama efnis sem var lagt fram árið 2021. Sömu athugasemdir hafa komið frá a.m.k. fjórum öðrum lífeyrissjóðum, Landsamtökum lífeyrissjóða, Samtökum atvinnulífsins og Seðlabankanum og kemur því á óvart að athugasemdirnar hafa verið virtar að vettugi í öllum frumvörpum um málið frá því að þau voru fyrst lögð fram árið 2019.

5. Launagreiðandi greiði 3,5% iðgjaldið beint til valins vörsluaðila

Samkvæmt gildandi lögum er sjóðfélaga heimilt að ráðstafa 3,5% iðgjaldinu til annars vörsluaðila eða lífeyrissjóðs en þess sem tekur við samtryggingarhluta iðgjalds. Samkvæmt greinagerð frumvarpsins ber launagreiðanda að greiða iðgjaldið fyrst til þess sjóðs sem tekur við samtryggingarhluta iðgjaldsins áður en ráðstöfun til annars vörsluaðila getur átt sér stað. Lífeyrissjóði verður heimilt skv. frumvarpinu að taka gjald af sjóðfélaga sem hlýst af kostnaði við flutning á tilgreindri séreign til annars vörsluaðila. Að mati Frjálsa er þetta ákvæði óþarft og felur í sér að sjóðfélagar fá lægri ávöxtun á lífeyrissparnað sinn ef lífeyrissjóðir nýti



heimildir sínar um gjaldtökuna. Rök sem hafa komið fram fyrir því að iðgjaldið eigi fyrst að greiða til samtryggingarsjóðs og þaðan greitt áfram til vörsluaðila sem sjóðfélagi hefur valið eru að tryggja að ábyrgð á innheimtu iðgjaldins sé skýr og að koma í veg fyrir fyrir að vangreidd iðgjöld launafólks tapist. Rétt er að hafa í huga að fyrir sjóðfélaga er hagstæðast að launagreiðandi greiði 3,5% iðgjaldið beint til vörsluaðila sem sjóðfélagi hefur valið. Þannig sleppur hann við kostnað sem samtryggingarsjóður hefði ella heimildir til að taka við flutninginn á iðgjaldinu og hann fengi iðgjaldið strax í ávöxtun. Hin aðferðin, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, getur leitt til þess að uppsöfnuð tilgreind sjóðfélaga verði lægri en ella vegna meiri kostnaðar og þar með lægri ávöxtunar. Einnig er rétt að benda á að tillagan er í andstöðu við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997 og 4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 391/1998 þar sem er tekið fram að launagreiðanda eða lífeyrissjóði ber að færa greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga til annars aðila án sérstaks kostnaðarauka fyrir sjóðfélagann.

Hér á eftir verða hrakin innheimturökin fyrir því að allt iðgjaldið skuli greiða fyrst til samtryggingarsjóðs og innheimtuferlinu lýst sem myndi eiga sér stað ef launagreiðandi greiði iðgjaldið beint til vörsluaðila án milligöngu samtryggingarsjóðs. Með hækkun lágmarksiðgjalds úr 12% í 15,5% mun vörsluaðili séreignarsparnaðar sem tekur við 3,5% iðgjaldi bera skyldu til að innheimta vangreidd iðgjöld hafi hann vitneskju um vanskilin. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi hefur Ríkisskattstjóri (RSK) árlegt eftirlit með því að sjóðfélagar greiði 12% lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð. Verði lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs lögfest í 15,5% þá mun lögbundið eftirlit með greiðslum á 15,5% lágmarksiðgjaldi, hvort heldur sem um er að ræða greiðslur í samtryggingu eða í séreign, vera í höndum RSK. Samtryggingarsjóður og vörsluaðili sem sjóðfélagi hefur eftir atvikum valið fyrir 3,5% iðgjald myndu einu sinni á ári senda RSK upplýsingar um greidd lágmarksiðgjöld sjóðfélaga fyrir liðið almanaksár. RSK hefur upplýsingar um iðgjaldsstofn sjóðfélaga skv. skattframtölum og mun ganga úr skugga um hvort sjóðfélagi hafi greitt samtals 15,5% iðgjald af iðgjaldsstofni. Ef í ljós kemur að iðgjaldið er lægra en 15,5% þá væri heppilegasta fyrirkomulagið að RSK sendi samtryggingarsjóðnum upplýsingar um vanskilin og sjóðnum verði falið að innheimta þau. Samtryggingarsjóður hefur upplýsingar um hvort vangreidd iðgjöld eru í samtryggingarsjóðinn eða í séreignarsjóð hjá vörsluaðilanum og getur því skilað iðgjaldinu sem hann innheimtir á réttan stað. Ef samtryggingarsjóður skilar iðgjaldinu til vörsluaðilans má færa rök fyrir því að lög/reglugerðir ættu að heimila samtryggingarsjóðnum að innheimta gjald fyrir innheimtuna til vörsluaðilans (ekki til sjóðfélagans) því vörsluaðilinn þurfti ekki að inna af hendi kostnað við innheimtuna. Fyrir samtryggingarsjóð væri mun minni vinna að sinna innheimtu fyrir aðra vörsluaðila einu sinni á ári skv. upplýsingum frá RSK heldur en að þurfa að sinna henni með reglubundnum hætti allt árið um kring eftir því sem upplýsingar um vanskilin koma í ljós til viðbótar við innheimtu skv. RSK lista einu sinni á ári eins og núverandi frumvarp leiðir af sér.

Með vísan til framangreinds er ljóst að innheimturök fyrir því að allt iðgjaldið sé greitt fyrst í samtryggingarsjóð standast ekki. Vörsluaðili mun bera lögbundna skyldu og ábyrgð til að innheimta vangreidd 3,5% iðgjöld í séreign hafi hann vitneskju um vanskilin en auk þess mun RSK hafa eftirlit með því að samtals 15,5% iðgjald sé greitt. Loks mun Ábyrgðarsjóður launa ábyrgjast 15,5% iðgjald ef launagreiðandi verður gjaldþrota svo lítil áhætta er á að vangreidd iðgjöld sjóðfélaga tapist. Greiðslur launagreiðenda beint til valins vörsluaðila stuðlar að skilvirkum iðgjaldaskilum og að hámarka uppsafnaða tilgreinda séreign sjóðfélaga.

Til viðbótar við ofangreint hafa komið fram spurningar um hvort að skylda til að greiða iðgjald fyrst í samtryggingarsjóð rúmist innan reglna samkeppnisréttar sem heyra undir skuldbindingar Íslands skv. EES samningnum.



6. Útgreiðslur alls viðbótarlífeyrissparnaðar umfram 15,5% lágmarksiðgjald teljist ekki til tekna við útreikning á lífeyri almannatrygginga en ekki eingöngu útgreiðslur á viðbótarlífeyrissparnaði sem nemur 4% framlagi sjóðfélaga og 2% mótframlagi launagreiðanda

Samkvæmt frumvarpinu telst viðbótarlífeyrissparnaður, sem nemur allt að 4% framlagi sjóðfélaga og 2% framlagi launagreiðanda ekki til tekna við útreikning á lífeyri almannatrygginga. Launagreiðendur greiða í mörgum tilvikum skv. kjarasamningum eða ráðningarsamningum hærra viðbótarframlag en sem nemur 2% af launum. Að óbreyttu frumvarpi myndu í fjölda tilvika viðbótarframlagi launagreiðanda sem nemur hærra hlutfalli en 2% af launum verða ráðstafað í viðbótarlífeyrissparnað í stað frjálsrar séreignar og þar með ekki teljast til tekna við útreikning á lífeyri almannatrygginga sem væri í ósamræmi við frumvarpið. Til að vörsluaðilar geti ráðstafað iðgjöldum í réttar tegundir séreignar þurfa launagreiðendur að aðgreina á skilgreinum mótframlag sem er hærra en 2% mótframlagið í viðbótarlífeyrissparnað. Það býður aftur á móti upp á misnotkun þannig að t.d. sjálfstætt starfandi einstaklingar gætu merkt á skilgrein mótframlag umfram 2% sem viðbótarlífeyrissparnað til að minnka skerðingaráhrif lífeyrissparnaðar á lífeyri almannatrygginga.

Einfaldasta lausnin og það sem hér er lagt til er að öll iðgjöld umfram 15,5% lágmarksiðgjöld verði skilgreind sem viðbótarlífeyrissparnaður en ekki eingöngu 4% framlag sjóðfélaga og 2% mótframlag launagreiðanda, sem væri í samræmi við skilgreiningu á hugtakinu Viðbótariðgjald, í reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd. Í reglugerðinni er viðbótariðgjald skilgreint sem iðgjald umfram lágmarksiðgjald. Þar með væri hægt að framfylgja lögunum og engin hætta væri á misnotkun við útfyllingu skilgreina. Frjálsi lífeyrissjóðurinn tekur undir athugasemdir Seðlabankans um skilgreiningu á hugtökum í 4. gr. umsagnar bankans við drög um frumvarpið fyrr á árinu.

7. Við flutning tilgreindrar séreignar til annars vörsluaðila er óþarfa ákvæði þess efnis að sömu útborgunarreglur gildi hjá vörsluaðilum og gilda myndu í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta iðgjaldsins til því útborgunarreglurnar eru skilgreindar í frumvarpinu (62-67 ára)

Með frumvarpinu er áréttað í 3. gr. að sjóðfélagar geta ráðstafað iðgjaldi í tilgreinda séreign til annars vörsluaðila en þess sjóðs sem tekur við lágmarksiðgjaldi til samtryggingar. Skilyrði er að sömu reglur gildi um útborgun tilgreindrar séreignar og gilda myndu í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta iðgjaldsins til.

a. Við 1. mgr. bætast fjórir nýir málsliðir, svohijóðandi: Þá skal sjóðfélagi vera heimilt að ráðstafa tilgreindri séreign til annars vörsluaðila en þess lífeyrissjóðs sem móttækur iðgjald vegna lífeyrisréttinda hans í sameign. Skilyrði er að sömu reglur gildi um útborgun tilgreindrar séreignar og gilda myndu í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir sameignarhluta iðgjaldsins til. Tilgreindri séreign skal haldið aðgreindri frá annarri séreign sem myndast af iðgjaldsstofni til lífeyrissjóðs skv. 1. mgr. 2. gr. og þeim hluta séreignar sem myndast hefur á grundvelli viðbótarlífeyrissparnaðar. Um uppsögn samnings um tilgreinda séreign gildir ákvæði 1. mgr. 9. gr. og um úttekt á tilgreindri séreign gildir ákvæði 14. gr. a.

Þar sem vörsluaðilar þurfa að halda tilgreindri séreign aðskilinni í réttindakerfum og útborgunartími hennar er skilgreindur í 5. gr. frumvarpsins (62-67 ára) er óþarft að hafa skilyrði um að útborgun þurfi að fylgja reglum lífeyrissjóðs sem tekur við iðgjöldum í samtryggingu. Ákvæðið gefur til kynna að lífeyrissjóðir hafa val um útborgunarreglur á tilgreindri séreign en svo er ekki. Í greinagerð um 3. gr. frumvarpsins segir í tengslum við útborgunarreglurnar á tilgreindri séreign að nauðsynlegt sé að vörsluaðili aðgreini í bókhaldi



sínu frá hvaða lífeyrissjóði tilgreind séreign hvers sjóðfélaga berst. Þetta utnumhald í bókhaldi, sem kallar á ákvæðið flækjustig, er í raun óþarft því útborgunarreglurnar eru skilgreindar í frumvarpinu eins og áður segir.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur til sömu breytingartillögu á ákvæðinu og gert er í umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um sama frumvarp. Með slíkri breytingu yrði ákvæðið svohljóðandi:

- a. *Við 1. mgr. bætast fjórir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þá skal sjóðfélaga vera heimilt að ráðstafa tilgreindri séreign til annars vörsluaðila en þess lífeyrissjóðs sem móttækur iðgjald vegna lífeyrisréttinda hans í sameign. Skilyrði er að reglur um útborgun tilgreindrar séreignar skv. 14. gr a gildi hjá vörsluaðila. Tilgreindri séreign skal haldið aðgreindri frá annarri séreign sem myndast af iðgjaldsstofni til lífeyrissjóðs skv. 1. mgr. 2. gr. og þeim hluta séreignar sem myndast hefur á grundvelli viðbótarlífeyrissparnaðar. Um uppsögn samnings um tilgreinda séreign gildir ákvæði 1. mgr. 9. gr. og um úttekt á tilgreindri séreign gildir ákvæði 14. gr. a.*

8. Heimilt verði að dreifa útgreiðslum á tilgreindri séreign fram yfir 67 ára aldur

Um útborgunarreglur tilgreindrar séreignar segir í 5. gr. frumvarpsins:

Heimilt er að hefja útgreiðslu tilgreindrar séreignar þegar sjóðfélagi hefur náð a.m.k. 62 ára aldri. Útgreiðsla skal dreifast á jafnar mánaðarlegar greiðslur frá því að lífeyrisþegi óskar eftir að fá tilgreinda séreign greidda út og þar til hann nær 67 ára aldri. Þegar sjóðfélagi nær 67 ára aldri er heimilt að greiða tilgreinda séreign út í einni greiðslu, nema sjóðfélagi óski annars.

Orðalag ákvæðisins þýðir að sjóðfélagi sem hefur útgreiðslu tilgreindrar séreignar fyrir 67 ára aldur getur ekki dreift greiðslum fram yfir 67 ára aldur. Hvers vegna sjóðfélögum verður ekki heimilt að dreifa greiðslum á lengri tíma hljóta að vera mistök við gerð frumvarpsins. Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur til að orðalag ákvæðisins verði eins og tillögu Landssamtaka lífeyrissjóða sem birtist í umsögn samtakanna við sama frumvarp til að sjóðfélagar geti haft það svigrúm að dreifa útgreiðslum fram yfir 67 ára aldur:

Þegar réttthafi tilgreindrar séreignar er orðinn 62 ára er heimilt að hefja útborgun með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en þann sem sjóðfélagi vantar upp á 67 ára aldur.

9. Fallið verði frá hækkun á lágmarkstryggingavernd úr 1,4% í 1,8% réttindaávinnslu á ári

Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggst gegn áformum um að hækka lágmarkstryggingavernd úr 1,4% ávinnslu á ári í 1,8%. Engin greining eða rök liggja fyrir á bak við þörf sjóðfélaga á hærri lágmarkstryggingavernd. Skýrsla um Nægjanleika lífeyris sem var gefin út árið 2014 af Landssamtökum lífeyrissjóða og Fjármálaeftirlitinu mætti t.d. rýna til að meta hvort almenn þörf sé á að hækka lágmarkstryggingaverndina, auk þess sem ástæða er til að gera nýja rannsókn um þörfina á hækkuninni. Sú staðreynd að frumvarpið geri ráð fyrir að árleg réttindaávinnsla verði áfram 1,4% velji sjóðfélagi að 3,5% iðgjald renni í tilgreinda séreign, sem hægt er að taka út að fullu við 67 ára aldur, og frjálsa séreign, sem hægt er að taka út að fullu við 60 ára aldur, styður þá skoðun að óþarfi sé að hækka lágmarkstryggingaverndina.



10. Viðtækari fjárfestingarheimildir gildi um tilgreinda séreign

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi eiga fjárfestingarheimildir lágmarkstryggingaverndar að gilda um tilgreinda séreign. Þær heimildir eru strangari en þær sem gilda um frjálsa séreign og viðbótarlífeyrissparnað. Rétt er að hafa í huga að í séreignarsjóði geta sjóðfélagar valið um misáhættumiklar fjárfestingarleiðir en slíkt val er ekki fyrir hendi í samtryggingarsjóði. Sjóðfélagar ráða því sjálfir áhættustiginu í séreign en þar sem þeir ráða því ekki í samtryggingunni þá má færa fyrir því rök að meiri þörf sé á að takmarka áhættu lífeyrissjóða til fjárfestinga í samtryggingardeildum. Í þeim tilvikum sem sjóðfélagar velja enga leið fyrir séreignarsparnað þá er iðgjöldum yfirleitt ráðstafað í leið sem er með áhættu sem hæfir aldri sjóðfélaga.

Því er óþarfi að láta strangari fjárfestingarheimildir gilda um tilgreinda séreign en um frjálsa séreign og viðbótarlífeyrissparnað. Fyrir sjóðfélaga og lífeyrissjóði væri til mikillar einföldunar að samræma fjárfestingarheimildir allra tegunda séreignar þannig að um þær gildi víðtækari fjárfestingarheimildir.

Virðingarfyllt,

f.h Frjálsa lífeyrissjóðsins

Arnaldur Loftsson
framkvæmdastjóri

Arnaldur Loftsson



Undirritað af:
Arnaldur Loftsson
2106705139
Dags: 06.06.2022
Tími: 15:42:01
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 31d3170f-
f9c8-4767-ae59-
8eeef15d62da